

Mánudagurinn 22. janúar 2001 kl. 14:00

156. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 2/2001

**Ákvörðun um dagsektir
vegna neitunar Vöxtu ehf.
um afhendingu gagna og upplýsinga**

I.

Með kaupsamningi, dags. 29. nóvember 2000, keyptu Bananar ehf. 95,03% hlutafjár í Ágæti hf., ásamt öllum réttindum og skyldum, af fyrirtækinu Grænmeti ehf. Samkeppnisstofnun ákvað að taka til skoðunar umræddan samruna.

Grænmeti ehf. hafði um einu ári áður keypt umrædd hlutabréf af Búnaðarbanka Íslands hf., og var fjallað um þau kaup í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 44/1999. Samkeppnisráð ákvað að hafast ekki að í tilefni af þeim viðskiptum. Sú ákvörðun var byggð á þeirri forsendu að Sölufélag Garðyrkjumanna (SFG) eða félag tengd því hefðu ekki komið að fjármögnun Grænmetis ehf. á umræddum kaupum. Hins vegar var gerður fyrirvari í ákvörðuninni um að breyttust þær forsendur sem málið byggði á, yrði það tekið til meðferðar að nýju. Tveir ráðsmenn létu bóka að þeir töldu ástæðu til að ætla að SFG, Búnaðarbankinn og Þórhallur Bjarnason hefðu haft með sér samráð til þess að tryggja að SFG öðlist innan tíðar yfirráð yfir Ágæti. Jafnframt hafi þessir aðilar komið í veg fyrir að önnur fyrirtæki gætu eignast Ágæti og sátu þessir meðlimir samkeppnisráðs hjá við atkvæðagreiðslu.

Með tilliti til framangreinds fyrirvara og forsögu málsins að öðru leyti ákvað Samkeppnisstofnun að taka til athugunar að nýju ýmis atriði sem tengdust upphaflegum kaupum Grænmetis ehf. á umræddum hlutabréfum af Búnaðarbanka Íslands hf., þegar fregnir bárust af því að Bananar ehf., sem er fyrirtæki tengt SFG, hefðu fest kaup á hlutafénu. Samkvæmt þeim upplýsingum er framkvæmdastjóri Grænmetis ehf. hafði gefið Samkeppnisstofnun hafði

fyrirtækið Vaxta ehf. fjármagnað kaup þess félags á hlutafénu. Fulltrúar Samkeppnisstofnunar áttu fund með framkvæmdastjóra Vöxtu ehf. þann 5. janúar sl. til að afla upplýsinga um aðkomu fyrirtækisins að fyrri sölunni. Upplýsti framkvæmdastjórinn að Vaxta ehf. hefði ekki lánað fé til kaupanna, heldur haft milligöngu um að útvega lánsfé frá þriðja aðila. Framkvæmdastjórinn kvaðst hins vegar ekki geta upplýst um það, hver raunverulegur lánveitandi hefði verið.

Í kjölfar þessa fundar var Vöxtu ehf. ritað bréf, dags. 5. janúar sl., þar sem skorað var á fyrirtækið, með vísan til upplýsingaskyldu 39. gr. samkeppnislaga, að greina frá nafni og kennitölu þess aðila, sem lánaði fé til kaupa Grænmetis ehf. á hlutabréfum í Ágæti hf. Jafnframt var gerð krafa um afhendingu afrita af öllum gögnum, sem væru í vörslu Vöxtu ehf. og tengdust umræddri fjármögnun. Var gefinn frestur til kl. 16.00 mánudaginn 8. janúar til að verða við framangreindri kröfu og jafnframt tekið fram, að hefðu upplýsingarnar ekki borist fyrir lok frestsins yrði beitt dagsektarræði 53. gr. samkeppnislaga.

Með bréfi framkvæmdastjóra Vöxtu ehf., dags. 8. janúar sl., var því svarað til að félagið teldi sér ekki unnt að verða við erindi Samkeppnisstofnunar að svo stöddu, þar sem forsvarsmenn félagsins vildu ganga úr skugga um það með lögmönnum sínum, hvort þeim væri heimilt og/eða skylt að veita umræddar upplýsingar og taka afstöðu til hugsanlegs málskots til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Var vísað til andmælareglu og jafnræðisreglu stjórnarsýsluréttar í þessu sambandi. Óskaði félagið því eftir fresti til 12. janúar til að taka afstöðu til erindisins. Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 9. janúar var veittur frestur til kl. 10.00 þann 10. janúar.

Umbeðnar upplýsingar bárust ekki fyrir lok tilgreinds lokafrests, en Vaxta ehf. áfrýjaði ákvörðun Samkeppnisstofnunar til áfrýjunarnefndar samkeppnismála með stjórnarsýslukæru, dags. 9. janúar 2001. Með úrskurði sínum nr. 3/2001, sem barst Samkeppnisstofnun föstudaginn 19. janúar 2001, staðfesti áfrýjunarnefnd ákvörðun Samkeppnisstofnunar um skyldu Vöxtu ehf. til að veita umræddar upplýsingar og afhenda gögn. Sama dag var Vöxtu ehf. boðsent bréf Samkeppnisstofnunar, þar sem fyrri krafa var ítrekuð með vísan í úrskurð áfrýjunarnefndar. Var gefinn frestur til kl. 12.00 mánudaginn 22. janúar 2001 til að verða við kröfunni, og tekið fram að hefðu upplýsingar og gögn ekki borist Samkeppnisstofnun fyrir lok frestsins, mætti búast við að tekin yrði ákvörðun um álagningu dagsekta skv. XIII. kafla samkeppnislaga án frekari tafa. Vaxta ehf. varð ekki við kröfunni fyrir lok frestsins.

II.

Samkvæmt 53. grein samkeppnislaga getur samkeppnisráð, ef ekki er farið að ákvörðun sem samkeppnisyfirvöld hafa tekið samkvæmt samkeppnislögum, lagt á dagsektir þar til farið verður að ákvörðuninni. Með dagsektum er átt við þvingunaraðferð til þess að knýja fram efndir. Samkvæmt 39. gr. samkeppnislaga getur Samkeppnisstofnun krafist einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja sem samkeppnislög taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála svo og afhendingar gagna til athugunar. Með 39. gr. samkeppnislaga hefur löggjafinn veitt Samkeppnisstofnun ríkar heimildir til öflunar gagna, enda reynir mjög á upplýsingagjöf við framkvæmd samkeppnislaga.

Í máli því sem hér um ræðir hafa samkeppnisyfirvöld, með stoð í 39. gr. samkeppnislaga, krafist tiltekinna upplýsinga og afhendingar gagna er varða athugun einstaks máls. Um efnislega heimild til að krefja um upplýsingar þessar hefur þegar verið fjallað af áfrýjunarnefnd samkeppnismála, og er skylda Vöxtu ehf. því ljós. Að mati samkeppnisráðs hefur fyrirtækið því með áframhaldandi neitun sinni vanrækt ótvíræða lagaskyldu. Telur samkeppnisráð því óhjákvæmilegt að beita heimild 53. gr. samkeppnislaga og taka ákvörðun um álagningu dagsekta vegna neitunar Vöxtu ehf. um upplýsingagjöf.

III.

Ákvörðunarorð:

„Vaxta ehf. hefur ekki farið að ákvörðun Samkeppnisstofnunar skv. 39. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/2001, um að greina frá nafni og kennitölu þess aðila, sem lánaði fé til kaupa Grænmetis ehf. á hlutafé í Ágæti hf. árið 1999, og að afhenda afrit allra gagna sem eru í vörslu fyrirtækisins og tengjast þeirri fjármögnun.

Af þessum orsökum, og með heimild í 53. gr. laganna leggur samkeppnisráð dagsektir á Vöxtu ehf. Skal Vaxta ehf. greiða 200 þúsund krónur á dag þar til tilgreindar upplýsingar og gögn hafa verið látin Samkeppnisstofnun í té.“